


**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ**



66°N
N.99
Verslanir 66°NORÐUR | www.66north.is | Sími: 535 6600 || Vír vinnufataverslun | www.facebook.com/vir
Arnarhóll jakki 24.800 kr.
Logn hettupeysa 16.500 kr.
Dickies buxur 11.500 kr.
Dickies skór 15.800 kr.

# fyrst&fremst

*Á Íslandi býr aðeins einn Náttmörður. Hér á landi búa hins vegar 12 sem heita Xavier.*

Mynd/Árni Sæberg



**BENJAMÍN OG HELVÍTIS DJASSARARNIR**

Náttmörður er tónlistarmaður og er á djassbraut í FÍH. Hann kemur fram undir skírnarnafni sínu, Benjamín, og hljómsveitin sem spilar með honum kallast Helvítis djassararnir. Hann er um þessar mundir að senda frá sér plötuna Over. „Þetta er ekki alveg abstrakt verk, þetta er melódískt og með textum sem skipta máli,“ segir Náttmörður. Spurður um hvað textarnir fjalla segir hann: „Mitt helsta yrkisefni myndi ég segja að væri lífið.“

# Náttmörður lifir enn

ÞAÐ ER EKKI ÖLL NÓTT ÚTI ENN HJÁ NÁTTMERÐI

**Benjamín Árnason** *tók upp nafnið* **Náttmörður** *fyrir fjórum árum.*

„Viðbrögð fólks þegar það heyrir nafnið eru yfirleitt þau að það endurtekur það með þremur spurningamerkjum. Náttmörður???“ segir Benjamín Náttmörður Árnason. Fyrir rúmum fjórum árum komst hann á forsíðu Morgunblaðsins þegar hann fékk samþykki hjá Mannanafnanefnd fyrir því að taka upp nafnið Náttmörður. „Þetta er bara skemmtileg nafnbót sem ég nota þegar ég er í stuði,“ segir Náttmörður en neitar því að hann kynni sig með því nafni í dag. „Ekki nema þegar ég er fullur eða eitthvað slíkt.“

**Náttmörður en ekki Xavier**

Náttmörður er tónlistarmaður og rekur uppruna nafnsins til tónleikaferðalags sem hann var á í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum. „Við vorum alltaf að grínast með hvað maður ætti að kalla sig þarna úti því við vorum náttúrulega allir Íslendingar. Þegar við komum til Íslands ákváðum ég og gítarleikarinn að prófa að fá nöfn, sem okkur hafði dottið í hug í Bandaríkjunum, í gegn hjá Mannanafnanefnd. Ég reyndi að fá nafnið Náttmörður og hann reyndi að fá nafnið Xavier. Ég fékk mitt í gegn en hann fékk ekki sitt. Ég myndi ekkert vinna í sjálfu sér nema ég myndi taka upp nafnið, þannig að ég gerði það,“ segir Náttmörður og sér ekki eftir neinu í dag.

**Laug að blöðunum**

Þegar Náttmörður birtist á forsíðu Morgunblaðsins var haft eftir honum að nafnið væri þannig tilkomið að hann hafi verið á tónleikaferðalagi og vaknað einn morguninn í rútunni upp af mjög slæmum draumi og sagt við félaga sína: „Ég var með þennan rosalega náttmörð!“ Í kjölfarið hafi félagar hans farið að kalla hann Náttmörð og því hafi hann viljað taka það upp. „Þetta var eitthvað djók,“ játar Náttmörður. „Ég laug öllu að öllum sem spurðu mig. Ég vissi ekkert hvað ég átti að segja, að ég hafi verið í keppni við vin minn eða að fíflast?“ segir hann og bætir við: „Þetta er sennilega með ómerkilegri fréttum sem hafa birst framan á Morgunblaðinu.“

## Martröðin á enda, Náttmörður lifir!



AF FORSÍÐU MORGUNBLAÐSINS 22. SEPTEMBER 2006

Morgunblaðið/Brynjar Gauti

**„TÆPU ári af býrókratískri baráttu er lokið!“ sagði kampakátur Náttmörður eftir að hann fékk uppáskrifað leyfi fyrir nýja nafninu sínu í dómsmálaráðuneytinu í gær. „Ég var á tónleikaferð um Bandaríkin síðasta sumar, og vaknaði einn morguninn í rútunni upp af mjög slæmum draumi. Ég sagði við strákana: „Ég var með þennan rosalega náttmörð!“ Strákarnir fóru að hlæja, en fóru svo að kalla mig Náttmörð. Ég kunni bara mjög vel við nafnið og vildi taka það upp.“ Náttmörður heitir hér eftir fullu nafni Benjamín Náttmörður Árnason, en hann er söngvari hljómsveitarinnar Man Behind the Wheel og gítarleikari í Flop House Palace. Hann sagði fjölskylduna lítið kippa sér upp við nýju nafngjöfina. „Þau spá nú bara því að þetta eldist af mér, og ég fari að vinna í fjölskyldufyrirtækinu.“ Nú þegar hann sé búinn að fá leyfið megi skíra hvern sem er Náttmörð. „Ég vona bara að ég sjái marga litla Náttmerði í framtíðinni. Náttmörður lifir!“**

## Monitor *mælir með*

**Í SPILARANN** Nýja platan frá **Agent Fresco** ber nafnið **A Long Time Listening** og er þar á ferðinni tær snilld. Þessi dúndurþétta plata inniheldur 17 lög sem eru hvert öðru betra. Strákarnir sýna á henni og sanna að EP platan A Lightbulb Universe var engin byrjendaheppni og þeir eru svo sannarlega ein efnilegasta hljómsveit landsins.



**Í SPILARANN** Hljómsveitin **Ensími** hefur ekki gefið út plötu í heil átta ár en nú er loks komið að því sem allir hafa beðið eftir. Platan **Gæludýr** er fjórða breiðskífa sveitarinnar og fær hvorki meira né minna en fimm stjörnur í Mogganum. Þarf að segja meira?



**Í SPILARANN** **Best Of Bang Gang** kom út á dögunum en þar fer Barði yfir feril hljómsveitarinnar með öllum helstu smellunum í gegnum tíðina. Í pakkanum eru tvær plötur en sú seinni inniheldur útgáfur þekktra tónlistarmanna af lögum **Bang Gang** og ber þar helst að nefna eitursvala útgáfu Páls Óskars af laginu Sacred Things.




## Vikan á... facebook



**Ásdís Rán** buin að dreyma í 2 nætur í röð að ég sé ólétt, wonder what that means... :/
12. nóvember kl. 13:08



**Friðrik Dór Jónsson** Góðir dómar halda áfram að birtast en Dr. Gunni gefur Allt sem þú átt 4 stjörnur í Fréttatímanum í dag. Platan fékk 4 og hálfa stjörnu í Morgunblaðinu í gær. -Tryggið ykkur eintak
12. nóvember kl. 18:34



**Sigmar Vilhjálmsson** Mikid er erfitt af vera Liverpool adaandi! Madur tarf tolinmaedi og umburdarlyndi!
13. nóvember kl. 9:52



**Vala Grand** JÁTS WOW GET VERIÐ STOLT AF SJÁLFRUM MÉR :þ
16. nóvember kl. 02:25



**Gunnar Í Krossinum Þorsteinsson** Byrjar allt með bænastund, blessar Gunnar forða. komir þú á Krossins fund, kjötsúpu færðu að borða.
17. nóvember kl. 10:52

## Feitast í blaðinu




**Inga Lind tekur á Tobbu Marinós** *í undanúrslitum Popppunkts frægа fólksins.* »4



**Fræga fólkið missir vitið.** *Hver man ekki eftir því þegar Britney snoðaði sig?* »8



**Ásdís Guðmundsdóttir** *rústar ekki hótelherbergjum þótt hún sé Evrópumeistari.* »10



**Unnsteinn og Logi** *eru nánir, nema þegar þeir ætla að drepa hvorn annan.* »12



**Flick My Life** *er fyndnasti vefur landsins og hér er það besta frá upphafi.* »16


*Efst í huga Monitor*

# Ber að ofan á klósettið

Monitor hefur borist spurnir af því að nokkuð sérstakt „trend“ sé hægt og bítandi að breiðast út um landið. Trendið sem um ræðir er að fara á klósettið ber að ofan. Heimildarmaður Monitor, sem starfar í stórum banka í höfuðborginni, segir að nær allir starfsmenn útibúsins hafi tekið upp á þessari venju og geri þarfir sínar aldrei öðruvísi en berir að ofan. Að sögn heimildarmannsins gerir það, að vera ber að ofan, upplifunina „langtum ánægjulegri og veitir ómetanlega frelsistilfinningu“.

Að fara ber að ofan á klósettið er eitthvað sem má rekja til karaktersins George Costanza úr gamanþáttunum Seinfeld. Í klassískum þætti í sjöttu þáttaröð Seinfeld komast Jerry og Kramer að því að George fer aldrei á klósettið öðruvísi en ber að ofan. Þetta kvaðst hann gera svo hann væri ekki „innilokaður“ á meðan á athöfninni stendur.

Monitor hvetur alla til þess að prófa þetta. Sendið okkur endilega línu á monitor@monitor.is og segið okkur hvernig ykkur leið.



MONITOR ER EKKI SKÍTABLAÐ EN ÞAÐ ER TILVALIÐ Á KLÓSETTIÐ

**Ritstjóri:** Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) **Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson **Grafík:** Elín Esther **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is



# Vel heppnaðir tónleikar Barða

Barði Jóhannsson, kenndur við Bang Gang, hélt vel heppnaða tónleika í Þjóðleikhúsinu síðastliðið þriðjudagskvöld í tilefni af útgáfu plötunnar Best of Bang Gang. Barði tók þar öll sín bestu lög og naut liðsinnis margra af betri söngvurum landsins. Tónleikarnir enduðu á því að Barði fékk alla hersinguna á svið til að syngja lagið Summer Wine eftir Lee Hazlewood. Daníel Ágúst, Haukur Heiðar, Katrína úr Mammút og fleiri hófu upp raust sína og sungu eftir textablaði. Poppkóngurinn Páll Óskar, sem hafði átt frábæra frammistöðu þegar hann tók lagið Sacred Things skömmu áður, virtist vera sá eini sem kunni textann við Summer Wine og söng lagið af mikilli innlifun.



# Það er komið gos!

Gosþambarar hafa ástæðu til að kætast því nýr íslenskur gosdrykkur er væntanlegur á markað innan skamms. Drykkurinn verður kynntur fyrir landsmönnum á næstu dögum, en fregnir Monitor herma að um sé að ræða drykk í anda Súkkó og Ískóla. Samkvæmt gosnjósnurum Monitor verða umbúðir nýja drykkjarins í óhefðbundnari kantinum, en ætlunin er að framleiða margar mismunandi umbúðir svo að ólíklegt verði að hver maður fái sömu umbúðirnar tvisvar. Myndir af Íslendingum munu prýða umbúðirnar og var ljósmyndarinn Jóhannes Kjartansson fenginn til að skjóta fyrstu umbúðasyrpuna.



# POPPPUNKTUR frægа og fallega fólksins

**Tobba Marinós** *og* **Inga Lind** *mætast í undanúrslitum.*

1. Hver samdi lagið Ó borg mín borg?
2. Hvaða ár fæddist Madonna?
3. Hver var „heilinn“ á bak við Lummurnar?
4. Með hvaða bandi gerði Svala Björgvins lagið Was that all it was?
5. Hver söng um Gaggó Vest?
6. Frá hvaða fylki er Bruce Springsteen?
7. Með hverjum eru Rúnar Þór og Megas í tríóinu GRM?
8. Hvað heitir fyrsta plata Sálarinnar?
9. Hvaða band sigraði Músíktilraunir í ár?
10. Hvaða búgarð keypti Michael Jackson 1988?
11. Með hvaða bandi spilar Flea á bassa?
12. Í hvaða hljómsveit er trúbadorinn Svavar Knútur?
13. You Ain't There er plata með...?
14. Hvaða grínisti sló í gegn með laginu King Tut?
15. Hver söng Sem lindin tær sumarið 2010?
16. Nýr tónlistarþáttur hóf nýlega göngu sína á ÍNN. Hann heitir Rokk... og hvað?
17. Með hvaða hljómsveit spilar Hjaltalín á plötunni Alpanon?



TOBBA MARINÓS ER DOTTIN ÚR LEIK

**9 RÉTT**

## TOBBA MARINÓS

1. Haukur Morthens.
2. Hún er fædd 1958.
3. Gunnar Þórðarson.
4. Þetta var á einhverjum Reif disknum og hljómsveitin var Scope.
5. Eiríkur Hauksson.
6. Springfield, djók.
7. Gylfa Ægis.
8. Sálin eða bara Jón.
9. Ég bara veit það ekki.
10. Neverland.
11. Ég giska bara á Red Hot Chili Peppers.
12. Hárbandið.
13. Ég skýt bara á Q.
14. Bara Ali G eða eitthvað.
15. Sálin bara.
16. Ég segi Rokk og ról.
17. Sinfó.

## INGA LIND

1. Haukur Morthens.
2. 1958.
3. Gunnar Þórðarson.
4. Ég hef ekki hugmynd um það.
5. Eiríkur Hauksson.
6. Ætli það sé ekki bara New Jersey.
7. Gylfa Ægissyni.
8. Syngjandi sveittir.
9. Þetta veit ég ekki.
10. Neverland.
11. Ég á að vita þetta því vinur minn er bassaleikari, en ég geri það ekki.
12. Pass.
13. Jet Black Joe.
14. Ég er ekki með þetta.
15. Helgi Björnsson.
16. Tja tja tja.
17. Var það ekki bara Sinfó?



INGA LIND ER KOMIN Í ÚRSLITIN

**12 RÉTT**

## Verðugur andstæðingur

Hún á heiður skilinn fyrir þetta. Þetta var ógeðslega skemmtileg og Inga Lind er verðugur andstæðingur að tapa fyrir. Ég ryðguð eftir útgáfupartýið í gærkvöldi sem hefur áhrif svo Inga Lind verður að kaupa bókina mína.



*Hér hefur reynslan og aldurinn greinilega komið Ingu Lind yfir, en Tobba stóð sig samt vel. Þá er það ljóst að Inga Lind og Sveppi keppa til úrslita í næstu viku og best að drífa sig að fara að setja saman níðþunga keppni.*

## Þetta skelfir mig

Ég er heppin kona og kannski veit ég meira en ég hélt. Ég þarf að fara að lesa mér meira til um allt þetta nýja fyrir úrslitin. Þetta skelfir mig, ég er óttaslegin að vera komin svona langt.

NÝJA POPPPUNKTSSPILIÐ ER VÆNTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER.

**Svör:** 1. Haukur Morthens, 2. 1958, 3. Gunnar Þórðarson, 4. Scope, 5. Eiríkur Hauksson, 6. New Jersey, 7. Gylfa Ægissyni, 8. Syngjandi sveittir, 9. Of monsters and men, 10. Neverland, 11. Red Hot Chili Peppers, 12. Hraun, 13. Jet Black Joe, 14. Steve

# Hægt að streyma tónlist beint í símann



BETTI ER EKKI HRIFINN AF ÓLÖGLEGU NIÐURHALI

Mynd/Kristinn

**Tónlist.is** *býður notendum sínum upp á að nota* **android tækni** *til að hlusta á tónlist af netinu.*

„Þetta er alveg ótrúlega sniðugt,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins D3 sem sér um tónlistarvefinn Tónlist.is. Vefurinn var lengi vel eini tónlistarvefurinn á Íslandi og býður nú upp á margar skemmtilegar nýjungar fyrir notendur síðunnar. Hægt hefur verið að streyma tónlist af netinu í gegnum síðuna allt frá stofnun fyrirtækisins en nú er boðið upp á nýjung í þeim efnum. „Hugmyndin er sú að bjóða áskrifendum upp á að geta streymt tónlist í gegnum netið í fleiri tæki en eingöngu tölvu,“ útskýrir Betti, eins og hann er oftast kallaður. „Nú þegar er hægt að streyma tónlist.is í iPhone, iPod Touch og iPad og þar sem Android stýrikerfið frá Google er á mikilli uppleið höfum við útbúið sér app fyrir það,“ segir Betti, en þeir sem eiga Android síma geta nýtt sér þjónustuna.

## Veglegar útgáfur í boði

Skemmtileg viðbót hefur einnig rutt sér til rúms hjá Tónlist.is en með hinum ýmsu útgáfum fylgir nú aukaefni. „Hjálmarnir komu með þá hugmynd að láta upptöku frá útgáfutónleikunum þeirra fylgja með plötunni,“ segir Betti. „Þetta hefur verið mjög vinsælt og vakið mikla lukku,“ bætir hann við en einnig er hægt að kaupa tónleikaupptökuna eina og sér á spottprís. „Sniglabandið og Baggalútur eru líka með tónleikaupptökur inni á vefnum og svo bjóðum við líka upp á aukalög með íslenskum plötum,“ segir Betti en Dikta og Ourlives buðu einmitt upp á slíkt í fyrra. „Við ætlum okkur að gera meira af þessu, bjóða upp á eitthvað meira en þú færð með einhverju ólöglegu niðurhali,“ segir Betti og vonast til að fólk hætti ólöglegu niðurhali. „Fólk sem gerir kröfur til útgáfa og gæða streymir af netinu.“

## TÓNLIST.IS Í TÖLUM

Vefurinn var stofnaður árið **2003**.
Notendur voru **17.037** í síðustu viku.
Notendur á árinu eru orðnir **351.072**.
**5.302.048** lög eru í boði á vefnum.
**525.148** plötur eru í boði á vefnum.
**329.599** listamenn eru skráðir hjá tónlist.is.
**80.096** skráðir notendur.
**600** íslensk tónlistarmyndbönd eru inni á

## FYRIR TÆKNIHEFTA

Forritið (kallað appið hjá nördum) er sett upp með því að
...fara á android market.
...skanna inn strikamerkið sem er hér til vinstri.

Eftir það geturðu hlustað á alla lagalista, skoðað vinsælustu lögin, séð hvað er nýtt og hefur því aðgang að yfir 5 milljónum laga.
Ósköp einfalt!



máltíð
mánaðarins
á kfc
Gamli
góði
kjúklinga
borgarinn
899
kr.
svooogott í 30 ár™
www.kfc.is
0gr.
trans-
fita
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

HILDUR OG HLYNUR DRESSUÐU SIG UPP Í INTERSPORT

# Allir í brekkurnar!

*Nú er snjórinn farinn að láta sjá sig og bíða margir spenntir eftir að komast í fjöllin. Þeir sem þora hvorki á skíði né snjóbretti gætu látið sér nægja að sitja í skálanum og fá sér heitt kakó eða skella sér á gömlu góðu rassaþotuna til að taka þátt í gleðinni. Monitor talaði við snjóbrettasnillingana* ***Hildi Sif*** *og* ***Hlyn Helga*** *um bretti og bestu brekkurnar.*




Mynd/Allan

## *Best að renna sér í miklum púðursnjó*

**Hlynur Helgi Hallgrímsson, 23 ára.**

**Hvenær byrjaðirðu að fara á snjóbretti?** Þegar ég var svona 18 eða 19 ára.
**Hversu fær snjóbrettakappi ertu á skalanum 1-10?** Ætli ég sé ekki svona 4.
**Hvar finnst þér skemmtilegast að renna þér?** Ég hef aldrei farið á snjóbretti á Íslandi en ég hef farið í Noregi, á Ítalíu og í Austurríki. Það var skemmtilegast í Austurríki.
**Af hverju?** Það var mikið púður og besta færið þar.
**Kanntu einhver trikk?** Nei, ég get ekki sagt það. Ég kann að reyna en þau hafa aldrei heppnast.
**Er þetta ekki bara stórhættulegt?** Nei, en þú þarft samt að vera frekar góður til að slasa þig ekki.
**Hefurðu einhvern tímann slasað þig á snjóbretti?** Ekkert alvarlega. Bara einhverjir marblettir hér og þar.
**Kæmi til greina að skipta yfir í skíði?** Alls ekki. Ég æfði einu sinni skíði í hálft ár þegar ég var tíu ára en snjóbrettin eru bara miklu skemmtilegri. Þú ert miklu frjálsari í fjöllunum á bretti en á skíðum.

## *Kann alveg einhver trikk*

**Hildur Sif Jónsdóttir, 23 ára.**

**Hvenær byrjaðirðu að fara á snjóbretti?** Svona 12 eða 13 ára.
**Hversu fær snjóbrettagella ertu á skalanum 1-10?** Ég er alveg 7 eða 8.
**Hvar finnst þér skemmtilegast að renna þér?** Á Ítalíu. Ég hef farið nokkrum sinnum þangað. Hérna heima er Hlíðarfjall best því þar eru bestu brettabrekkurnar, góðar lyftur og minnstu raðirnar.
**Af hverju?** Erlendis eru svæðin miklu stærri, betri lyftur og lengri brekkur. Maður er fljótur upp og lengi niður sem er náttúrulega skemmtilegast.
**Kanntu einhver trikk?** Já, ég kann alveg einhver trikk en engin til að tala um kannski.
**Er þetta ekki bara stórhættulegt?** Ekki ef maður passar sig vel.
**Hefurðu einhvern tímann slasað þig á snjóbretti?** Nei, ég hef aldrei verið svo óheppin.
**Kæmi til greina að skipta yfir í skíði?** Ég var á skíðum áður og svo prófaði ég bretti og það er miklu meira fjör. Það er miklu fleira hægt að gera á bretti en skíðum.

**FÖTIN ERU ÚR INTERSPORT**

# Heiðarleg og sláandi

## Bókin sem þú verður að lesa




★★★★

**„Einstök saga um einstakan mann …**
**Logi dregur hvergi undan og talar afskaplega opinskátt um alla hluti, svertir marga menn og ekki síst sjálfan sig.“**
Tómas Þór Þórðarson / DV

„Hrikalega **skemmtileg lesning** frá fyrstu til síðustu síðu.“
Patrekur Jóhannesson, fyrrum atvinnumaður í handbolta

„Henry Birgi tekst að færa persónuna Loga Geirsson í bók.“
Ragnheiður Ragnarsdóttir, sundkona

„Logi er ótrúlegur leikmaður utan vallar sem innan. **Frábær bók** um flottan mann.“
Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur

„Setti smá spurningarmerki við það að Logi Geirsson væri að gefa út bók …
En *10.10.10* er þvílíkt **meistarastykki!**
Hann getur greinilega allt, meistari Geirsson.“
Aron Pálmarsson, handboltamaður

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



GULUR AUGNSKUGGI FÓR BOY GEORGE MJÖG VEL

## Heróínástarsorg

Þessi skrautlegi forsprakki hljómsveitarinnar Culture Club rústaði ferli sínum algjörlega þegar hann hætti með kærastanum sínum, Jon Moss, sem var einnig í hljómsveitinni og byrjaði að neyta heróíns af krafti. Síðan þá hefur hann verið í miklu veseni tengdu eiturlyfjum og partístandi og mun seint ná aftur ímynd sinni og fyrri vinsældum sem söngvari.

## Orðaður við drengi

Poppkóngurinn eyðilagði orðspor sitt í sjónvarpsviðtali einu er hann sagðist deila rúmi með ungum drengjum sem kæmu í heimsókn til hans. Hann hafði áður verið ákærður fyrir misnotkun á börnum svo þessi ummæli voru án efa stór mistök.

HANN VAR ALVEG MEÐ 'ETTA

# STJÖRNUHRÖP

**Monitor** *tók saman nokkrar stjörnur sem hafa gert stór mistök á ferlinum með hinum ýmsu uppátækjum. Hver man ekki eftir sköllóttri* **Britney Spears** *og sófahömpandi* **Tom Cruise**?



HOFFINN ER BÚINN AÐ MISSA ÞAÐ

## Fullur á YouTube

Baywatch stjarnan hefur glímt við áfengisvanda í einhvern tíma og árið 2007 setti dóttir hans á netið myndband þar sem hann sást blindfullur að borða hamborgara, liggjandi á gólfinu. Afleiðingarnar voru þær að Hasselhoff missti forræði yfir dótturinni og virðingu almennings í leiðinni. Flott þetta Hasselhoff.



BARNAKYNNIR EÐA BARNAPERRI?

## Barnaklám og sjálfsfróun á almannafæri

Hinn ástsæli Pee-Wee Herman, kynnir í barnaþáttum vestanhafs, naut mikilla vinsælda allt til ársins 1991 þegar hann var handtekinn fyrir að stunda sjálfsfróun í leikhúsi. Hann komst aftur í fréttirnar árið 2002 þegar hann var ásakaður um að eiga barnaklám.



LÁTIÐ EKKI BLEKKJAST AF SEIÐANDI AUGNARÁÐINU



## Kom út úr skápnum með stæl og keyrði í vímu

Sló í gegn með 80's bandinu Wham! og hóf svo flottan sólóferil. Fór leynt með kynhneigð sína framan af en árið 1998 kom hið sanna í ljós. Þá var hann handtekinn fyrir kynferðislegt athæfi með karlmanni á almenningsklósetti í í Beverly Hills. George var um daginn handtekinn fyrir að aka undir áhrifum ólöglegra efna en hann hefur lengi glímt við eiturlyfjafíkn sína.





BRITNEY VAR EINU SINNI KRÚTTLEG OG ÞÆG

## Rakaði af sér hárið

Poppgyðjan sem byrjaði sem saklaust barn í Mikka Mús klúbbnum fór yfir strikið þegar hún ákvað að vera besta vinkona Paris Hilton um tíma. Fullt af myndum og myndböndum þar sem hún er í mis-vafasömu ástandi fóru eins og eldur um sinu á Internetinu og börnin voru tekin af henni um tíma. Lægsti punktur ferils hennar hingað til hlýtur samt að vera þegar hún rakaði af sér allt hárið og hætti með eiginmanni sínum með sms skilaboðum.





## Illa gift og alltaf í meðferð

Eftir að söngdívan sykursæta giftist tónlistarmanninum Bobby Brown á hátindi ferilsins fór allt að dala hjá henni. Houston fór í ruglið og hefur nokkrum sinnum þurft að fara í meðferð vegna eiturlyfjafíknar. Hún skildi við Brown árið 2006 og náði forræði yfir dóttur þeirra eftir að hafa tekið sig saman í andlitinu.



ÓGIFT WHITNEY VAR ALGJÖR DÚLLA

## Missti sig hjá Opruh

Hasarleikarinn góðkunni missti allan trúverðugleika þegar hann byrjaði einn daginn að predika fyrir Vísindakirkjuna hvert sem hann fór. Vandræðaleg framkoma hans í frægum þætti hjá Opruh Winfrey staðfesti klikkun Tom endanlega.



ÚR OFURTÖFFARA Í SÓFAHÖMPARA


Líka með jólamyndum
Peanut
m&m's
Litríkt bíónammi




## Ásdís Guðmundsdóttir

Evrópumeistari í hópfimleikum með Gerplu

**Aldur:** 24 ára. **Hjúskaparstaða:** Í sambúð. **Uppruni:** 101 Reykjavík.

# Of öguð til að rústa hótelherbergjum

**Fyrir þá sem hafa aldrei komist í splitt, hversu stór titill er það að verða Evrópumeistari í fimleikum?**
Ég held að nafnið á titlinum segi það bara sjálft. Þetta er svolítið stórt.

**Gréstu af gleði þegar þið unnuð?**
Já, ég verð að viðurkenna það. Ég held að allar í liðinu hafi farið að grenja. Við erum búnar að vera í þessu síðan 2004 og ég hef aldrei upplifað svona góða liðsheild. Þetta var frábært.

**Getum við hætt að pæla í handboltalandsliðinu? Er fimleikalið Gerplu orðið „stelpurnar okkar“?**
Klárlega. Það er miklu flottara að taka gull á Evrópumóti en eitthvað silfur.

**Þið bíðið væntanlega eftir Fálkaorðunni?**
Þegar maður hugsar um þessa Fálkaorðu finnst manni hún frekar fjarlæg. Í rauninni skiptir hún mann þannig séð ekki miklu máli því við erum búnar að taka titilinn sem við vildum. En fyrst silfurstrákarnir fengu Fálkaorðuna af hverju ættu gullstelpurnar ekki að fá hana líka?

**Hvað er svona skemmtilegt við fimleika? Seldu okkur það að byrja að æfa fimleika í nokkrum orðum.**
Þú kemst í splitt! Nei, þetta er bara rosalega fjölbreytt og alhliða íþrótt og ef þú vilt verða góður í einhverri íþrótt þá er þetta grunnurinn. Þú þarft í raun allt í fimleikum, liðleika, styrk, snerpu og allt. Það er mikill agi í þessu og svo er bara gaman að henda sér í þessi heljarstökk. Í okkar tilviki er félagsskapurinn líka stór partur af þessu.

**Eru til einhverjar fimleikastjörnur? Er einhver Tiger Woods fimleikanna?**
Nei, ekki beint. Ekki í hópfimleikum.

**Fimleikafólk er ekkert að rústa hótelherbergjum og sofa hjá vændiskonum eða –körlum?**
Maður heyrir ekki mikið um það. Ætli það sé ekki bara aginn sem maður fær í fimleikum.

**Kærastinn þinn er Kári Ársælsson, fyrirliði knattspyrnuliðs Breiðabliks, sem varð Íslandsmeistari í haust. Er þinn titill ekki flottari?**
Ég er búin að fá þessa spurningu hundrað sinnum og það er búið að reyna að toga þetta upp úr mér. Mér finnst minn alls ekki merkilegri. Það er bara ekki hægt að bera þessa titla saman.

**Gerpla er Evrópumeistari, Breiðablik Íslandsmeistari, Hjörvar Hafliðason er kominn með sjónvarpsþátt og Blaz Roca er risinn upp frá dauðum. Hvað er að gerast í Kópavogi?**
Það er bara sprenging í Kópavogi. Við ætlum að taka yfir Ísland. Er ekki miðpunktur höfuðborgarsvæðisins hjá Smáralindinni og þar? Næst á dagskrá er að Kópavogur verði höfuðborg Íslands.

Mynd/Eggert

Á UPPLEIÐ


"Ég er foli
og það eru
hestöfl í Hámarki"
Súkkulaðibragð
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur
Jarðarberjabragð
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur
Vanillubragð
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur
HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR
HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL

# *Logi ætlaði* **að drepa mig** *með hníf*

*Bræðurna* **Unnstein Manúel** *og* **Loga Pedro Stefánssyni** *þekkja flestir úr hljómsveitinni* **Retro Stefson**. *Þeir fræddu Monitor um frægðina, fordóma og allt mögulegt þar á milli.*

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir sigyn@monitor.is
**Myndir:** Kristinn Ingvarsson kristinn@mbl.is

**Hvenær byrjuðuð þið að semja tónlist?**
**L** Ég man að það eru til einhverjar upptökur af mér að spila frumsamið efni.
**U** Já, einmitt. Við vorum nýlega að horfa á mjög fyndið myndband af Loga þar sem hann er 9 ára að spila eitthvað frumsamið lag sem hét Lególagið.
**L** Þetta var fáránlega lélegt gítarstef.
**U** Svo byrjuðum við að semja fyrir alvöru þegar við fengum tölvu inn á heimilið með forritinu Garage Band. Þá settum við fullt af lögum inn á rokk.is. Ég setti allt sem ég gerði þarna inn, meira að segja einhver einnar mínútu lög sem voru tekin upp á Sound Recorder.

**Hafið þið lært eitthvað á hljóðfæri?**
**L** Ég lærði á klassískan gítar í eina önn og mér fannst það frekar leiðinlegt svo ég hætti.
**U** Við vorum eiginlega reknir úr tónmenntaskólanum því við æfðum okkur aldrei heima og svoleiðis.
**L** Þegar ég var ellefu ára vorum við í annarri hljómsveit og ég átti bara að sjá um einhverja effekta. Ég kunni nefnilega ekki á neitt hljóðfæri.
**U** Bassaleikarinn komst ekki á eina æfingu og þá var Logi settur á bassann. Ég tók gítarinn sem Logi hætti að æfa á og æfði mig eftir einhverri hljómabók. Hljóðfærið sem við erum bestir á eru eiginlega bara tölvur og okkar áhugasvið er aðallega raftónlist.

**Eruð þið fæddir á Íslandi?**
**L** Við erum fæddir í Portúgal en við fluttum hingað þegar ég var þriggja ára og Unnsteinn fimm ára.
**U** Pabbi er íslenskur og mamma er frá Angóla, en þau kynntust í Portúgal.

**Talið þið portúgölsku?**
**U** Já, en samt bara portúgölsku sem maður myndi tala við mömmu sína.
**L** Við erum með mjög takmarkaðan orðaforða.
**U** Þegar við hittum til dæmis portúgalska unglinga skiljum við lítið og erum alls ekki svalir því við tölum eins og eldgamalt fólk.

**Hafið þið einhvern tímann orðið fyrir aðkasti á Íslandi fyrir að vera ekki ættaðir héðan?**
**L** Ég lenti einmitt í fáránlegu atviki í gær þegar ég var að bíða eftir strætó með vinkonu minni sem er ættuð frá Haítí. Það stoppaði bíll fyrir framan okkur og öskraði: Hei, negrar! Svo var ég einu sinni skallaður af litlum gutta.
**U** Við lendum ekkert í miklu veseni en mér finnst fólk samt oft tala asnalega um útlendinga á Íslandi.
**L** Kynþáttafordómar eru held ég minna vandamál en trúarfordómar hér á landi. Eins og ofsahræðsla fólks við múslima.

**Hafið þið komið til Afríku?**
**U** Nei, við eigum það eftir. Mig langar mjög mikið að fara en Logi er ekki alveg jafn spenntur.
**L** Ég þekki engan þarna úti.
**U** Það skiptir ekki máli. Þú ferð þarna út og hittir fjölskyldu sem þú hefur aldrei séð áður. Þess vegna myndi ég fara.

**Rífist þið mikið?**
**U** Já, en við höfum skánað.
**L** Unnsteinn er fluttur í stúdíóíbúð við hliðina á okkur mömmu svo þetta er betra núna.
**U** Einu sinni var lögreglan kölluð til því Logi ætlaði að drepa mig með hníf.
**L** Ég var að koma úr flugi frá New York og var mjög þreyttur og svangur.
**U** Logi bað mig um að lána sér pening og ég fór eitthvað að stríða honum og neitaði að lána honum. Svo byrjaði ég að elda geðveikt flottan mat fyrir framan hann.
**L** Ég bað um að fá að borða og hann neitaði því líka og þá fórum við að slást. Maður sem átti leið hjá húsinu sá þetta inn um gluggann og hringdi á lögregluna.
**U** Við slógumst eitthvað áfram og hentum hvor öðrum um stofuna en svo hættum við og ég fór inn í herbergi, lagðist í rúmið mitt, hringdi í pabba og sagði: Hann Logi er að missa vitið. Það eru svalir í herberginu mínu og allt í einu labbar lögregluþjónn þar inn og segir mér að leggja frá mér símann. Svo förum við inn í stofu og þar er Logi hágrátandi í örmum annars lögregluþjóns.
**L** Ég var svona 14 ára.
**U** Við sögðum mömmu ekki frá þessu og svo fékk hún bréf frá barnaverndarnefnd nokkrum dögum seinna.

**Hvernig tengdust þið veitinga- og skemmtistaðnum Karamba sem var lokað í sumar?**
**U** Árni úr FM Belfast bauðst til að reka staðinn á sínum tíma og við vorum flest ráðin í vinnu þarna. Ég varð húsplötusnúðurinn og þetta var rosalega gaman.
**L** Nafnið Kimbabwe kom einmitt út frá lokun staðarins. Dóri DNA hringdi í mig rétt eftir það og var eitthvað að spyrja mig út í þetta allt saman og ég var virkilega svekktur. Hann spurði mig hvað ég myndi gera ef ég fengi 200 milljónir til að eyða og ég sagðist vilja flytja frá Íslandi og stofna fríríkið Kimbabwe.

## HVOR YKKAR…

**…er betri hljóðfæraleikari?**
**U** Logi.
**L** Ég.

**…er myndarlegri?**
**U** Logi.
**L** Unnsteinn.

**…er betri í fótbolta?**
**U** Logi.
**L** Ég.

**…er smekklegri?**
**U** Ég.
**L** Unnsteinn.

**…er þrjóskari?**
**U** Ég.
**L** Unnsteinn.

**…er betri kokkur?**
**U** Ég.
**L** Unnsteinn.

**…er líklegri til að taka þátt í Júróvisjón?**
**U** Ég.
**L** Unnsteinn.

**…er oftar seinn á hljómsveitaræfingar?**
**U** Logi.
**L** Ég.

**…er klikkaðri?**
**U** Logi.
**L** Unnsteinn.

> *Það stoppaði bíll fyrir framan okkur og öskraði: Hei, negrar!*

**Er líf eftir Karamba?**
**U** Nei, við hittumst miklu minna og enginn góður staður til að vera á. Lífið er orðið grátt og fólk byrjað í lögfræði.
**L** Við vorum ótrúlega fúl yfir þessu öllu saman og vildum bara flýja land.

**Hvað eruð þið að gera fyrir utan tónlistina?**
**U** Ég er að dj-ast út um allan bæ og spila með FM Belfast.
**L** Ég er í MH og var að fá staðfest að ég fengi að halda áfram námi þar.
**U** Logi er í basli með mætinguna út af plötunni sem við tókum upp í haust.
**L** Núna er ég búinn að missa mjög lítið úr en rétt svo fæ leyfi til að fara til Kanada í næstu viku.

**Hvernig byrjaði Retro Stefson ævintýrið?**
**U** Bóas, söngvarinn í Reykjavík! og Árni úr FM Belfast báðu okkur um að taka þátt í Söngvakeppni Samfés fyrir hönd Austurbæjarskóla. Við fengum frítt á ballið í staðinn og því kallaði ég til bara alla bestu vini mína og Loga svo mamma þyrfti ekki að punga út pening fyrir miðanum hans.
**L** Við vorum alveg tíu eða ellefu í hljómsveitinni.
**U** Við skíttöpuðum keppninni en vorum svo beðin um að spila á Samfés ballinu svo við þurftum að semja fleiri lög. Þetta var mjög fyndið tímabil því ég var til dæmis með mjög langa dredda, svaka flottur. Svo var okkur boðið að spila á Airwaves og Þórður gítarleikari hætti á trommunum því hann var svo lélegur og færði sig yfir á gítarinn. Gylfi kom á trommurnar og þá vorum við orðin nokkuð flott með hærri standard.

**Þið bræðurnir voruð 14 og 16 ára þegar þið spiluðuð fyrst á Airwaves. Er það ekki bannað?**
**U** Með lögum máttum við vera með foreldrum okkar inni á stöðunum en þetta var mjög mikið vesen. Við löbbuðum alltaf í röð, ég komst bara einn inn en enginn með mér því allir hinir þurftu að rífast í dyravörðunum til að komast inn.
